



# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur Nr. 05/2023

Reykjavík, 28.3.2023

Málsnúmer: 2023030320

## Efni:

**Heilsa ehf.**, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum **Organic Pancake Mix** frá **Amisa**.

## Ástæða innköllunar:

Aðskotaefni, svokölluð trópanbeiskjuefni (atrópín og skópalamín), hafa greinst yfir mörkum sem skilgreind eru í reglugerð. Trópanbeiskjuefni finnast náttúrulega í ákveðnum tegundum plantna.

## Hver er hættan?

Matvæli sem innihalda magn trópanbeiskjuefna yfir mörkum eru ekki örugg til neyslu og geta verið heilsuspillandi.

## Upplýsingar um vöru sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: **Amisa**

Vöruheiti: **Organic Pancake Mix**

Geymsluþol: **Best fyrir** Dagsetning: **30.08.2023**

Lotunúmer: **229597**

Nettómagn: **2\*180 g**

Strikamerki: **5032722313743**

Framleiðandi: **Windmill Organics Ltd.**

Framleiðsluland: **Þýskaland**

## Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru:

Heilsa ehf., Bæjarflöt 1-3, 112 Reykjavík.

## Dreifing:

Fjarðarkaup, Melabúðin, Heilsuhúsið Kringlunni, verslanir Samkaupa: Nettó og Kjörbúðin (Siglufirði og Djúpavogi).



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

### Leiðbeiningar til neytenda:

Viðskiptavinir sem keypt hafa vöruna eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila til verslunarinnar þar sem hún var keypt.

### Nánari upplýsingar um innköllun:

Nánari upplýsingar um innköllunina veitir Heilsa ehf. í síma 533 3232 eða í gegnum netfangið heilsa[hja]heilsa.is.

### Mynd(-ir):

